

Húslestur 2009-2010

Framhaldsskólinn á Húsavík

Húslestur

5. tbl. 19. árg. Fimmtudagur 20. ágúst 2009 Ritstj. og ábm.: [Björgvin R. Leifsson](#)

Velkomin til starfa á nýju skólaári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann því vandlega oftar en einu sinni. Lesið einnig vel kaflana um áfangakerfið og reglur skólans í Skólanámsskrá á vef skólans og í Skóladagbókinni. Enn fremur eru allar brautalýsingar á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Kennsla hefst á morgun, föstudag skv. stundatöflu. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að próf verða frá 4. til 15. desember. Önninni lýkur með prófsýningu þann 18. desember og vorönn 2010 hefst með umsjón 6. janúar.

Starfsfólk skólans

Skólameistari: Laufey Petrea Magnúsdóttir. Viðtalstímar eftir samkomulagi
Aðstoðarskólameistari: Gunnar Baldursson. Viðtalstímar eftir samkomulagi
Áfangastjóri: Björgvin R. Leifsson. Viðtalstímar mánudaga kl. 10:20-12:00, þriðjudaga kl. 13:00-15:00 og miðvikudaga kl. 10:20-12:00, að öðru leyti eftir samkomulagi.

Námsráðgjafi: Gunnar Árnason. Viðtalstímar mánudaga kl. 11:30-14:00, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 9:00-14:00 og föstudaga kl. 10:00-14:00

Fjármálastjóri: Svava Björg Kristjánsdóttir

Ritari: Sæunn Helga Björnsdóttir

Bókavörður: Bryndís Sigurðardóttir

Húsvörður: Árni Sigurðsson

Ræstitæknir: Guðrún Reynisdóttir

Kerfisstjóri: Páll Steingrímson Viðtalstímar auglýstir síðar

Kennarar á haustönn 2009

Auður Jónasdóttir Starfsbraut

Björgvin R. Leifsson Efnafræði, líffræði, tölfræði

Dóra Ármannsdóttir Íslenska

Gunnar Árnason Sálfræði

Gunnar Baldursson Efnafræði, jarðfræði

Herdís Þuríður Sigurðardóttir Enska, íslenska

Ingibjörg Bragadóttir Danska, enska

Ingólfur Freysson Íþróttir, frumkvöðlafræði, félagsfræði

Knútur Arnar Hilmarsson Eðlisfræði, stærðfræði

Sigríður Hauksdóttir Íslenska, listgreinar, uppeldisfræði

Sigríður Mjöll Marínósdóttir Stærðfræði, þýska
Svava Björg Kristjánsdóttir Stærðfræði
Valdimar Stefánsson Landfræði, saga

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi

Umsjónarkennarar:

Auður Jónasdóttir Stofa 10
Björgvin R. Leifsson Stofa 6
Dóra Ármannsdóttir Stofa 5
Gunnar Árnason Stofa 2
Herdís Þuríður Sigurðardóttir Stofa 3
Ingibjörg Bragadóttir Stofa 8
Ingólfur Freysson Stofa 4
Sigríður Hauksdóttir Stofa 7
Valdimar Stefánsson Stofa 7

Umsjón fyrir nýnema og endurinnritaða- kynning á skólanum og skólakerfinu Innu:

Þessi umsjón verður í stofu 1 (tölvustofunni) í dag kl. 13:00

Umsjón

Einu föstu umsjónartímarnir eru í upphafi annar en aðrir umsjónartímar verða auglýstir sérstaklega. Umsjónarkennarar eru m.a. nemendum til aðstoðar með val og námsáætlun og munu auglýsa viðtalstíma og kalla nemendur í viðtal.

Drög að valframboði fyrir næstu önn munu liggja fyrir 15. september og geta nemendur sent [áfangastjóra](#)tölvupóst með ábendingum um hvaða áfanga þarf að kenna á næstu önn. Þetta þýðir að vinna við námsáætlun og val fyrir næstu önn hefst snemma á önninni og eru áætlaðar fjórar vikur í þessa vinnu. Hægt er að búa til námsáætlun í skólakerfinu Innu 8 annir (4 ár) fram í tímann. Vali fyrir vorönn 2010 verður að ljúka í síðasta lagi 15. október. Sérstakur umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 7. október. Ætlast er til að nemendur búi til námsáætlun og velji í Innu undir leiðsögn umsjónarkennara (nánar síðar).

Athugið að skólanámsskrá er á heimasíðu skólans. Þar eru m.a. upplýsingar um alla áfanga og brautir skólans, námsmat, fjarvistakerfið o.fl.

Aðgangur nemenda að skólakerfinu, [Innu](#),

er tilbúinn. Notandanafn er búið til úr skólanúmeri nemenda, sem kemur fram á stundatöflunni og er FSHskólanúmer. Nýnemar og endurinnritaðir sækja leyriorð til ritara. Munið að breyta leyriorðinu þegar þið farið inn í fyrsta skipti. Þegar farið er inn í Innu kemur stundataflan upp en aðrar upplýsingar, svo sem um námsferil, einkunnir, fjarvistir o.fl. fáíð þið með því að smella á viðeigandi hlekki. Hægt er að prenta út stundatöflu, námsferil o.fl. úr Innu. Sjá nánar um Innu [hér](#).

Athugið að til að komast inn á Innu þurfið þið aðgang að tölvukerfi skólans. Hann fáir þið einnig hjá ritara.

Eldri nemendur halda sínum lykilorðum.

Hægt er að panta ný lykilorð í Innu.

ATH.: Ætlast er til að nemendur fylgist sjálfir með fjarvistum sínum í Innu - engin fjarvistablöð verða afhent sérstaklega!

Húsnæði skólans

Skrifstofa skólans er í kennaraálmum, þar eru ritari og fjármálastjóri. Í kennaraálmum eru einnig skrifstofur skólameistara og aðstoðarskólameistara, kennarastofa og vinnuherbergi kennara. Nemendur eru beðnir að virða viðtalstíma kennara. Notfærið ykkur pósthólf þeirra sem eru á ganginum framan við skrifstofu skólans. Þau er sérstaklega ætluð fyrir nemendur sem þurfa að koma skilaboðum til kennara eða skila verkefnum.

Skrifstofa áfangastjóra er framan við kennaraálmum og húsvörður er með aðstöðu í herbergi gegnt áfangastjóra. Bókasafn er á efri hæð skólans, fyrir ofan aðalinngang nemenda. Matstofa nemenda er í kjallara í aðalkennsluálmum.

Kennslustofurnar

Stofur 1, 2, 3, 4 og 5 eru á efri hæð í aðalkennsluálmum, 1, 2 og 3 nær anddyri. Stofur 6, 7, 8 og 9 (raungreinastofa) eru á jarðhæð í kennsluálmum, stofa 6 næst anddyri en stofa 9 fjærst.

Stofur 11 og 12 (myndmenntastofa) eru í kjallara kennaraálmum.

Stofa 10 er fyrir ofan nemendainngang, við hliðina á bókasafninu og verður eingöngu ætluð nemendum á starfmenntabraut í vetur.

Stofa ÍP er í íþróttahúsi

Stofa 1 er tölvustofa. Stofan er opin nemendum nokkra tíma á dag þegar engin kennsla fer þar fram. Þá hafa nemendur tækifæri á vinna þar verkefni sem tengjast skólanum. Forsenda þess að hægt sé að hafa stofuna opna er að allir nemendur gangi vel um og hlíti öllum þeim umgengnisreglum sem settar eru. Við stofuna er auglýsing um opnunartíma og umgengnisreglur.

Skólasóknarreglur

Meginregla: Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.

Veitt er ákveðið svigrúm frá þessari meginreglu sem hér segir:

Heildarskólasókn nemenda má ekki vera undir 90%.

Skólasókn í hverjum einstökum áfanga má ekki vera undir 85%.

Leyfi frá skólasókn getur skólameistari og aðstoðarskólameistari gefið ef sérstakar ástæður liggja að baki. Öðrum er ekki heimilt að veita leyfi frá mætingu, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

Viðverumerkingar í kennslustundum:

M = sjálfgefinn viðverukóði, nemandinn er í tímanum.

F = fjarvist úr 60 mínútna tíma. Gefur 1 fjarvistastig.

G = fjarvist úr 40 mínútna tíma. Gefur 0,67 fjarvistastig.

ATH.: Komi nemandi of seint í kennslustund, þ.e. eftir að kennari er búinn að lesa upp og kennsla er hafin, telst nemandinn fjarverandi þá kennslustund.

Frádráttarliðir fjarvista:

V = veikindi

L = leyfi

A = töfluárekstur

Það svigrúm sem nemendur hafa skv. skólasóknarreglum geta þeir nýtt t.d. ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá.

Veikindi skal tilkynna á skrifstofu skólans að morgni sama dags.

Forráðamenn 16-17 ára nemenda skulu tilkynna veikindi barna sinna.

Trúnaðarmaður (sem skólinn samþykkir) 18-20 ára nemenda skal tilkynna veikindi þeirra. Skólanum er heimilt að krefjast læknisvottorða vegna langtíma veikinda. Langveikum nemendum er bent á að hafa samband við stjórnendur skólans í upphafi annar.

Nemendum skal gefin einkunn í prósentum fyrir skólasókn. Skólasókn er ekki metin til eininga.

Í Aðalnámskrá er sérákvæði um undanþágur frá skólasókn fyrir fatlaða nemendur og afreksfólk í íþróttum.

Viðurlög: Nái nemandi ekki tilskilinni skólasókn í einum áfanga (þ.e. 85%) er litið svo á að hann hafi þar með sagt sig úr þeim áfanga. Fær hann þá skráða einkunnina H (hættur) fyrir áfangann í námsferil sinn. Fari nemandi niður fyrir leyfilegt lágmark í heildarskólasókn (þ.e. 90%) er litið á það sem úrsögn úr skólanum. Nemendur sem hafa sagt sig úr einstökum áföngum eða skóla vegna fjarvista hafa ekki leyfi til þess að þreyta próf í lok annar.

Meðferð mála: Ef útreikningar á fjarvistum benda til þess að nemandi segi sig frá skóla með sama áframhaldi skal senda honum áminningarbréf eða foreldrum/forráðamönnum ef nemandi er yngri en 18 ára. Segi nemandi sig úr skóla og/eða áfanga vegna brota á skólasóknarreglum ber að tilkynna honum það skriflega. Nemandinn hefur tímabundinn andmælarétt. Að auki getur nemandi sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum til skólaráðs.

ATH.: Ætlast er til að nemendur fylgist sjálfir með fjarvistum sínum í Innu - engin fjarvistablöð verða afhent sérstaklega í umsjón!

Ef nemandi er ósáttur við fjölda skráðra fjarvista í áfanga skal hann strax hafa samband við viðkomandi kennara.

Nemendum er eindregið ráðlagt að halda sitt eigið fjarvistabókhalld!

P-nám og frjáls mæting

ATH.: Að svo stöddu er ekki hægt að sækja um P-nám við Framhaldsskólann

á Húsavík.

Þeir nemendur sem óska eftir frjálssri mætingu verða að sækja um það skriflega og gera grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknareyðublöðin fáið þið hjá umsjónarkennara eða hjá áfangastjóra. Umsóknum skal skilað til áfangastjóra í síðasta lagi föstudaginn 21. ágúst. Ákvörðun um það hverjir fá frjálsa mætingu verður kunngerð mánudaginn 24. ágúst.

Hverjir geta sótt um frjálsa mætingu?

1. Þeir nemendur sem náð hafa 21 árs aldri og/eða búa við þær aðstæður að þeir telji sig ekki geta mætt í alla tíma, án þess þó að það komi niður á náminu.

2. Nemendur sem eru 18-20 ára og skrá sig í að hámarki 10 einingar á viðkomandi önn.

Hvað fylgir því að fá frjálsa mætingu?

Nemendur með frjálsa mætingu bera sjálfir ábyrgð á eigin námi og þurfa að kynna sér gaumgæfilega hvaða skyldur fylgja því. Umsóknareyðublaðinu fylgja upplýsingar varðandi þetta.

Kennsla í dag!

Í dag kl. 10-12 verða 15 mínútna kennslustundir sem hér segir:

10:00-10:15 A-stokkur: LÍF113, STÆ303, UPP103-1, ÞÝS103-1

10:15-10:30 B-stokkur: EÐL103, ENS212, FÉL103, ÍSL503-1, LOH193, SAG303

10:30-10:45 C-stokkur: DAN103-1, EFN303, FRU193, ÍSL303, SAG183, STÆ103, STÆ122

10:45-11:00 D-stokkur: EFN103, EFN313, ENS102, LAN103, SÁL303

11:00-11:15 E-stokkur: ÍSL103, STÆ202, STÆ313, ÞÝS103-2

11:15-11:30 F-stokkur: ENS103, ENS303, JAR103, SAG103

11:30-11:45 G-stokkur: FÉL303, SÁL103, STÆ102, STÆ192, STÆ503

11:45-12:00 H-stokkur: DAN103-2, ÍSL102, ÍSL212, ÍSL503-2, ÞÝS303

Nemendur mæti í sínar greinar skv. stofutöflu stundatöflunnar. Kennarar munu afhenda kennsluáætlanir og setja fyrir

Athugið að það eru tvíhópar í nokkrum áföngum. Hópanúmerið kemur fram á stundatöflunni á eftir áfangaheiti.

Þetta er líka auglýst á göngum skólans!

Töflubreytingar

Skoðið stundatöflurnar ykkar vel. Ef þið hafið ekki fengið inn alla þá áfanga sem þið völduð geta ástæðurnar verið margvíslegar, t.d. að áfanginn er ekki kenndur, ekki er pláss í hóp, árekstar eru milli áfanga o.s.frv. Enn er hægt að bæta inn áföngum og taka út áfanga. Athugið að þessar töflubreytingar er eingöngu hægt að gera hjá áfangastjóra.

Viðtalstímar áfangastjóra vegna töflubreytinga:

Fimmtudagur 20. ágúst kl. 13:00 - 16:00

Föstudagur 21. ágúst kl. 8:00 - 12:00 og 13:00 - 15:00

Kennsla fellur niður hjá áfangastjóra föstudaginn 21. ágúst vegna töflubreytinga.

Mánudag 24. ágúst til miðvikudags 26. ágúst á viðtalstímum eða eftir samkomulagi.

Komið vel undirbúin í töflubreytingar. Notið stofntöfluna hér fyrir neðan til að finna hvenær áfangar eru kenndir.

Kl	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Nr. tíma
8:00-9:00	A	D	G	B	F	1
9:05-10:05	E	B	A	H	D	2
10:20-11:20	G	E	B	E	H	3
11:25-12:25	B	F	C	G	E	4
13:00-14:00	C	H	F	D	C	5
14:10-15:10	D	G	H	C	I	6
15:20-16:20	F	A	J	A	J	7
16:30-17:30	I	I	J	I	J	8

A-stokkur: LÍF113, STÆ303, UPP103-1, ÞÝS103-1

B-stokkur: EÐL103, ENS212, FÉL103, ÍSL503-1, LOH193, SAG303

C-stokkur: DAN103-1, EFN303, FRU193, ÍSL303, SAG183, STÆ103, STÆ122

D-stokkur: EFN103, EFN313, ENS102, LAN103, SÁL303

E-stokkur: ÍSL103, STÆ202, STÆ313, ÞÝS103-2

F-stokkur: ENS103, ENS303, JAR103, SAG103

G-stokkur: FÉL303, SÁL103, STÆ102, STÆ192, STÆ503

H-stokkur: DAN103-2, ÍSL102, ÍSL212, ÍSL503-2, ÞÝS303

Áfangar utan eða milli stokka: ÍÞRXY1, SÁL203, UPP103-2

ATH.:

Eftirtaldir áfangar/hópar eru fullir eða að fyllast: SÁL203, STÆ313, ÞÝS303

Nóg af lausum plássum í eftirtöldum áföngum: FRU193, STÆ192

Öllum töflubreytingum verður að vera lokið miðvikudaginn 26. ágúst
Þeir sem skrá sig úr áfanga eftir 26. ágúst fá einkunnina H í feril og teljast hafa reynt einu sinni við áfangann, þ.e. missa einn próftökurétt af þremur í áfanganum.

Ertu töflulaus?

Ef þú ert töflulaus gæti skýringin verið sú að þú ert ekki búinn að greiða innritunargjaldið! Taflan þín er þá hjá ritara (fyrir nýnema og endurinnritaða) eða í Innu (hjá öðrum nemendum) og þú færð hana um leið og þú gerir upp skuldina. ATH að Innuaðgangur er lokaður þar til innritunargjaldið er greitt!

Annar möguleiki er að þú hafir "gleymt" að skila inn vali á síðustu önn. Ef svo er þarft þú nauðsynlega að tala við áfangastjóra á töflubreytingatíma.

Þriðji möguleikinn er að Inna sé að stríða okkur. Hafðu samband við áfangastjóra á töflubreytingatíma.

Árekstrar

Árekstur kallast það þegar tveir áfangar eru skráðir í sama tímann. Ef tveir áfangar eru skráðir á sama tíma í stundatöflu gildir taflan sem árekstraheimild. Nemendur skulu hafa samband við báða viðkomandi kennara og ákveða kennararnir hvernig nemandinn mætir í þessa tíma.

Íþróttir

Íþróttatímar eru í Íþróttahöll nema útivera og sund. Tímar í íþróttasal eru þriðjudaga og föstudaga en í þreksal mánudaga og fimmtudaga.

Nemendur, sem búnir eru með ÍPR201, fá ákveðið valfrelsi í íþróttum, þ.e. þeir geta valið um eftirfarandi samsetningar:

Íþróttasalur + þreksalur (x01)

Íþróttasalur + Íþróttasalur (x11)

Þreksalur + þreksalur (x21)

Íþróttasalur + útivera (x31)

Þreksalur + útivera (x41)

Útivera + útivera (x51)

Íþróttasalur + sund (x61)

Þreksalur + sund (x71)

Útivera + sund (x81)

Útivera verður á miðvikudögum kl. 15:20 og á föstudögum kl. 14:10. Mæting er við íþróttahöllina. Nemendur eiga mæta með útivistarfatnað og góða skó.

Sund er utan töflutíma þegar nemendum hentar.

Kennari mun útskýra þetta nánar í fyrsta íþróttatíma.

Þeir sem ekki hafa fengið íþróttir í töflu snúi sér til áfangastjóra.

Þeir sem eru með íþróttárekstur mæti í þreksal á fimmtudögum kl. 16:30 og í íþróttasal á þriðjudögum kl. 16:30

Valáfangi í jarðfræðitengdri umhverfisfræði

UMH103 - umhverfisfræði

(Áfangi í tengslum við NEED, Northern environmental education development program)

Verkefnaáfangi, byggður á vettvangs/rannsókniferð á hálendið norðan Vatnajökuls.

Undanfari: JAR103

Í upphafi kynna nemendur sér náttúrufar landsvæðisins norðan Vatnajökuls,

með áherslu á jarðfræði svæðisins, undirbúa og skipuleggja rannsóknarverkefni á svæðinu í samstarfi við kennara. Í september verður farin þriggja daga rannsóknarferð um hálendið, frá Snæfelli vestur að Kverkfjöllum. Nemendur safna gögnum og vinna að sínum rannsóknum, auk almennrar náttúruskoðunar.

Í október - desember vinna nemendur úr rannsóknum sínum og heimildum og halda kynningar á niðurstöðum með fyrirlestrum og veggspjöldum, sem birtast m.a. á netinu. Nemendur vinna að auki styttri verkefni samhliða aðalverkefninu.

Reiknað er með 1-2 kennslustundum á viku, þar sem nemendur geta sótt sér aðstoð hjá kennara, en einnig verður haldið utan um áfangann í vefbundnu kennslukerfi, Moodle.

Þeir sem áhuga hafa hafi samband við áfangastjóra á föstudag 21.8.

Skiptibókamarkaður

Skiptibókamarkaður verður í matstofu nemenda í dag 20. ágúst og á morgun, föstudag. Mikilvægt er að nemendur nýti sér þennan opnunartíma.

Bókalisti haustannar 2009

Kennslukerfið Moodle

Notendanafn og lykilorð er það sama og á Innu. Hafið samband við ritara ef þið komist ekki inn. Kennarar tilkynna nemendum um gögn, sem þeir setja inn á Moodle. Meðal gagna, sem þar er að finna, eru kennsluáætlanir.

Netaðgangur nemenda að tölvukerfi skólans

Nýnemar fá netföng á skrifstofu skólans.

Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvukerfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim.

Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

Eldri nemendur halda sínum netföngum. Komist einhver ekki inn skal hafa samband við kerfisstjóra.

Ath. að til að nota Innuaðgang verða nemendur að hafa netaðgang!

Notendanöfn og lykilorð nemenda

Notendanafn þitt er búið til samkvæmt eftirfarandi reglu:

Fornafn nemanda ásamt fyrsta staf í föðurnafni skrifað án allra séríslenskra stafa.

þ = th, æ = ae, á = a, ð = d, ö = o, osfv.

Fornafn Millinafn Föðurnafn. Notendanafn er því: fornafnf

Dæmi: Jón Jónsson: Notendanafn yrði því: jonj

Lykilorð allra nýnema er: 12345

Þú þarft að breyta lykilorði þínu þegar þú tengist í fyrsta skipti. Vertu viss um

að velja öruggt lykilorð sem þú gleymir ekki. Öruggt lykilorð er til dæmis: Hluti úr nafni þínu, fæðingardag, kennitölu, fæðingardegi nærstaddra og annað sem augljóslega er hægt að tengja við þig. Ef þú gleymir lykilorði þínu hafðu samband við kerfisstjóra.

Netfang þitt verður: notendanafn@fsh.is, dæmi: jonj@fsh.is. Þetta er netfangið sem notað er í Innu og því má ekki breyta!

Heimasvæði þitt er undir "H:" drifi og kvóti verður 50Mb. Vistið gögn ykkar í möppuna "My Documents" eða beint inn á H: drif.

Athugið!

Þegar þú yfirgefur tölvu skalt þú ávallt aftengjast með því að ýta á "Start" hnapp og velja "Log off notandi".

Tölvustofan er oft mjög umsetin og ekki er leyfilegt að "skreppa" í burtu frá tölvu nema í mjög stuttan tíma. Ef þú kemur að tölvu þar sem enginn situr en einhver er augljóslega tengdur skalt þú gefa viðkomandi nægan tíma til að koma til baka frá salerni (c.a. 2-3 mínútur), vista síðan það sem unnið er með, aftengja viðkomandi og nota tölvuna!

Ýmsar tilkynningar

Meðferð matvæla

Öll neysla matar og drykkjar er bönnuð í kennslustofum skólans.

Útskriftarnemar!

Þeir sem hyggja á námslok í vor hafi samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

Húslestur er eingöngu gefinn út rafrænt á netinu

Tilkynningar og gögn frá áfangastjóra á netinu:

www.fsh.is - Húslestur

www.fsh.is - Námið

Að lokum

Vonandi verður samstarfið ánægjulegt í vetur - gangi ykkur vel !

Björgvin R. Leifsson, [áfangastjóri](#)

6. tbl. 19. árgangur. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: [Björgvin R. Leifsson](#)

1. [Fjarvistir](#), 1. talning

2. Val fyrir vorönn 2010.

Opnað hefur verið fyrir val í [Innu](#).

Umsjónarkennarar aðstoða nemendur við val, enn fremur geta útskriftarnemar leitað til áfangastjóra.

Listi yfir áfanga í boði er [hér](#), frestur til að skila athugasemdum til áfangastjóra rennur út miðvikudaginn 23. september.

Leiðbeiningar um val í Innu er að finna [hér](#).

Frestur til að skila inn vali í Innu rennur út sunnudaginn 11. október. Þeir sem ekki velja fyrir þann tíma verða ekki með í töflugerð fyrir vorönn 2010.

Athugið að hægt er að gera námsáætlun í Innu 8 annir fram í tímann.

Umsjónarkennarar geta kallað einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtal vegna vals, þar með talið í fundartíma á miðvikudögum.

Sérstakur umsjónartími vegna vals verður miðvikudaginn 7. október í stofum 1 og 2. Þar munu umsjónarkennarar aðstoða við valið.

Upplýsingar um kjörsvið stúdentsbrauta er að finna [hér](#).

Hér er að finna [undanfarareglur](#).

Athugið vel breytingar á stúdentsbrautum og valframboði, sjá liði 3 og 4.

Þessar breytingar tóku glidi á síðustu önn og eru endurbirtar hér til hagræðis.

3. Breytingar á stúdentsbrautum. Sjá brautalýsingar [félagsfræðibrautar](#) og [náttúrufræðibrautar](#).

a) Á félagsfræðibraut flyst SÁL103 í kjarna og UPP103 bætist við. Nemendur hafa nú val um að taka 2 áfanga af SÁL103, UPP103, REK103 og ÞJÓ103 í kjarna.

Hagfræði- og bókfærslukjörsviðin falla út.

SAG503 fellur niður en í staðinn kemur SAG183 (nú tímaíslandssaga) í kjörsviðslínuna.

Kjörsviðsáfangarnir FÉL403 (aðferðafræði), UPP203 og UPP303 bætast við.

b) Á náttúrufræðibraut falla eftirtaldir áfangar út af kjörsviðslínum: EFN483, JAR383, LÍF303

4. Breytingar á valframboði. Vegna fyrirsjáanlegs niðurskurðar í fjármálum framhaldsskólans verður framboð á P-áföngum minnkað tímabundið.

a) Ekki verður hægt að fá p-heimild í kenndum áföngum þó að skilyrði um einkunn í undanfara séu uppfyllt.

b) Ekki verður boðið upp á yndislestursáfanga að svo stöddu.

c) Verkefnaáfangar eins og SAG503, JAR383 og LÍF303 falla tímabundið út (sjá þó lið 7 hér á eftir).

5. Brautaskipti. Nemendur á 2. ári á almennri braut III, sem ætla á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

6. **Útskrift vor 2010.** Þeir útskriftarnemar skv. auglýsingu á töflu við anddyri, sem eiga eftir að hafa samband við áfangastjóra þurfa að gera það sem allra fyrst. Nemendum á almennum brautum I og II er bent á að þeir geta einnig

útskrifast af sínum brautum en þá verða þeir að hafa samband við áfangastjóra.

7. Alþjóðaverkefnið Ungir vísindamenn! Áfangastjóri leitar eftir tveimur nemendum á 3. eða 4. ári til að taka þátt í verkefninu Ungir vísindamenn. Um er að ræða samanburð á árlegum gögnum af sama fjörusniði í Bakkafjöru með það að augnamiði að kanna hvort einhverjar marktækar breytingar eigi eða hafi átt sér stað í fjörunni á síðastliðnum 10-20 árum.

Nemendur þurfa að hafa lokið LÍF113 (vistfræði) og STÆ413 (tölfræði). Þó kemur til greina að annar nemendanna komi af Félagsfræðibraut og hafi lokið tölfræðinni. Nemendur verða enn fremur að geta tekið þátt í landskeppninni, sem fram fer í apríl og ef heppnin er með, að geta tekið þátt íheimskeppninni í september 2010.

Hægt er að meta áfangann sem UMV103 í óbundið val eða sem LÍF303 á líffræðikjörsviði Náttúrufræðibrautar.

Áhugasamir hafi samband við áfangastjóra fyrir októberlok.

7. tbl. 19. árgangur. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: [Björgvin R. Leifsson](#)

1. [Fjarvistir](#), 2. talning

2. Val fyrir vorönn 2010.

Opnað hefur verið fyrir val í [Innu](#).

Umsjónarkennarar aðstoða nemendur við val, enn fremur geta útskriftarnemar leitað til áfangastjóra.

Listi yfir áfanga í boði er [hér](#), frestur til að skila athugasemdum til áfangastjóra rennur út miðvikudaginn 23. september.

Leiðbeiningar um val í Innu er að finna [hér](#).

Frestur til að skila inn vali í Innu rennur út miðvikudaginn 14. október. Þeir sem ekki velja fyrir þann tíma verða ekki með í töflugerð fyrir vorönn 2010.

ATHUGIÐ BREYTTAN TÍMA!

Athugið að hægt er að gera námsáætlun í Innu 8 annir fram í tímann.

Umsjónarkennarar geta kallað einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtal vegna vals, þar með talið í fundartíma á miðvikudögum.

Sérstakur umsjónartími vegna vals verður miðvikudaginn 7. október í stofum 1 og 2. Þar munu umsjónarkennarar aðstoða við valið.

Upplýsingar um kjörsvið stúdentsbrauta er að finna [hér](#).

Hér er að finna [undanfarareglur](#).

Athugið vel breytingar á stúdentsbrautum og valframboði, sjá liði 3 og 4.

Þessar breytingar tóku glíði á síðustu önn og eru endurbirtar hér til hagræðis.

3. Breytingar á stúdentsbrautum. Sjá brautalýsingar [félagsfræðibrautar](#) og [náttúrufræðibrautar](#).

a) Á félagsfræðibraut flyst SÁL103 í kjarna og UPP103 bætist við. Nemendur hafa nú val um að taka 2 áfanga af SÁL103, UPP103, REK103 og ÞJÓ103 í kjarna.

Hagfræði- og bókfærslukjörsviðin falla út.

SAG503 fellur niður en í staðinn kemur SAG183 (nú tímaíslandssaga) í kjörsviðslínuna.

Kjörsviðsáfangarnir FÉL403 (aðferðafræði), UPP203 og UPP303 bætast við.

b) Á náttúrufræðibraut falla eftirtaldir áfangar út af kjörsviðslínum: EFN483, JAR383, LÍF303

4. Breytingar á valframboði. Vegna fyrirsjáanlegs niðurskurðar í fjármálum framhaldsskólans verður framboð á P-áföngum minnkað tímabundið.

a) Ekki verður hægt að fá p-heimild í kenndum áföngum þó að skilyrði um einkunn í undanfara séu uppfyllt.

b) Ekki verður boðið upp á yndislestursáfanga að svo stöddu.

c) Verkefnaáfangar eins og SAG503, JAR383 og LÍF303 falla tímabundið út (sjá þó lið 7 hér á eftir).

5. Brautaskipti. Nemendur á 2. ári á almennri braut III, sem ætla á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

6. Útskrift vor 2010. Þeir útskriftarnemar skv. auglýsingu á töflu við anddyri, sem eiga eftir að hafa samband við áfangastjóra þurfa að gera það sem allra

fyrst. Nemendum á almennum brautum I og II er bent á að þeir geta einnig útskrifast af sínum brautum en þá verða þeir að hafa samband við áfangastjóra.

7. Alþjóðaverkefnið Ungir vísindamenn! Áfangastjóri leitar eftir tveimur nemendum á 3. eða 4. ári til að taka þátt í verkefninu Ungir vísindamenn. Um er að ræða samanburð á árlegum gögnum af sama fjörusniði í Bakkafjöru með það að augnamiði að kanna hvort einhverjar marktækar breytingar eigi eða hafi átt sér stað í fjörunni á síðastliðnum 10-20 árum.

Nemendur þurfa að hafa lokið LÍF113 (vistfræði) og STÆ413 (tölfræði). Þó kemur til greina að annar nemendanna komi af Félagsfræðibraut og hafi lokið tölfræðinni. Nemendur verða enn fremur að geta tekið þátt í landskeppninni, sem fram fer í apríl og ef heppnin er með, að geta tekið þátt í heimskeppninni í september 2010.

Hægt er að meta áfangann sem UMV103 í óbundið val eða sem LÍF303 á líffræðikjörsviði Náttúrufræðibrautar.

Áhugasamir hafi samband við áfangastjóra fyrir októberlok.

8. Drög að próftöflu haustannar 2009

8. tbl. 19. árg. Miðvikudagur 29. október 2009 Ritstjóri og ábyrgðarmaður: [Björgvin R. Leifsson](#)

1. [Fjarvistir](#), 3. talning

2. [Drög að próftöflu haustannar 2009](#). Frestur til að skila inn athugasemdum til áfangastjóra er til 20. nóvember.

3. [Um Innu](#): Leiðbeiningar um val o.fl.

4. Frá námsráðgjafa

ERTU AÐ GLÍMA VIÐ LESBLINDU EÐA PRÓFKVÍÐA?

Hægt er að koma til móts við ýmsar séróskir og þarfir nemenda við fyrirlögn prófa. Þeir nemendur er t.a.m. hafa greinst með sértæka námsörðugleika, svo sem

lesblindu, geta óskað eftir prófi þar sem prófformið byggir á hlustun. Nemendur sem glíma við kvíða og/eða fælni geta að uppfylltum vissum skilyrðum fengið að þreyta próf í fámennum stofum. Til þess að unnt sé að koma þessu í kring er brýnt að nemendur hafi samband við námsráðgjafa með góðum fyrirvara fyrir próf, eða í síðasta lagi 28. nóvember.

9. tbl. 19. árg. Þriðjudagur 17. nóvember 2009 Ritstjóri og ábyrgðarmaður: [Björgvin R. Leifsson](#)

1. [Fjarvistir](#), 4. talning

2. [Próftafla haustannar 2009](#). Frestur til að skila inn athugasemdum til áfangastjóra er til 20. nóvember. Eftir það er próftaflan endanleg.

3. [Um Innu](#): Leiðbeiningar um val o.fl.

4. Frá námsráðgjafa

ERTU AÐ GLÍMA VIÐ LESBLINDU EÐA PRÓFKVÍÐA?

Hægt er að koma til móts við ýmsar séróskir og þarfir nemenda við fyrirlögn prófa. Þeir nemendur er t.a.m. hafa greinst með sértæka námsörðugleika, svo sem

lesblindu, geta óskað eftir prófi þar sem prófformið byggir á hlustun. Nemendur sem glíma við kvíða og/eða fælni geta að uppfylltum vissum skilyrðum fengið að þreyta próf í fámennum stofum. Til þess að unnt sé að koma þessu í kring er brýnt að nemendur hafi samband við námsráðgjafa með góðum fyrirvara fyrir próf, eða í síðasta lagi 28. nóvember.

5. Upphaf vorannar 2010

Þetta er síðasti Húslestur á þessu ári. Næsti kemur út 6. janúar 2010 en þann dag hefst vorönn 2010 með umsjón kl. 9:00

1. tbl. 20. árg. Miðvikudagur 6. janúar 2010 Ritstj. og ábm.: [Björgvin R. Leifsson](#)

Velkomin til starfa á nýju ári!

Húslestur hefur ýmsar upplýsingar að geyma. Lesið hann vandlega og haldið honum til haga. Lesið einnig vel kaflana um [áfangakerfið](#) og [reglur skólans](#) í [Skólanámsskrá á vef skólans](#) og í Skóladagbókinni. Enn fremur eru allar [brautalýsingar](#) á vef skólans. Þá er oft ýmsar upplýsingar og tilkynningar að finna á tilkynningatöflu við nemendainngang.

Kennsla hefst á morgun, fimmtudag skv. stundatöflu. Varðandi dagskrá annarinnar má nefna að próf verða frá 5. til 17. maí. Önninni lýkur með prófsýningu þann 20. maí og skólaslit og brautskráning verður 21. maí.

Starfsfólk skólans

Skólameistari: Laufey Petra Magnúsdóttir Viðtalstímar eftir samkomulagi

Aðstoðarskólameistari: Gunnar Baldursson Viðtalstímar eftir samkomulagi

Áfangastjóri: Björgvin R. Leifsson Viðtalstímar þriðjudaga kl. 13:00-15:00 og miðvikudaga kl. 8:00-10:00 og 13:00-15:00, að öðru leyti eftir samkomulagi.

Námsráðgjafi: Gunnar Árnason Viðtalstímar auglýstir síðar.

Fjármálastjóri: Svava Björg Kristjánsdóttir

Ritari: Sæunn Helga Björnsdóttir

Bókavörður: Bryndís Sigurðardóttir

Húsvörður: Árni Sigurðsson

Ræstitæknir: Guðrún Reynisdóttir

Kerfisstjóri: Páll Steingrímson Viðtalstímar auglýstir síðar

Kennarar á vorönn 2010

Aðalsteinn Örn Snæpórsson Náttúrufræði

Auður Jónasdóttir Starfsbraut

Björgvin R. Leifsson Líffræði, náttúrufræði, tölfraði

Dóra Ármannsdóttir Íslenska

Gunnar Árnason Félagsfræði, sálfræði

Gunnar Baldursson Efnafræði, náttúrufræði, jarðfræði

Ingibjörg Bragadóttir Danska, íslenska

Ingólfur Freysson Íþróttir, frumkvöðlafræði, félagsfræði

Knútur Arnar Hilmarsson Eðlisfræði, stærðfræði

Sigríður Hauksdóttir Listgreinar, lífsleikni, uppeldisfræði

Sigríður Mjöll Marínósdóttir Náttúrufræði, stærðfræði, þýska

Smári Sigurðsson Enska

Svava Björg Kristjánsdóttir Stærðfræði

Valdimar Stefánsson Félagsfræði, saga, þjóðhagfræði

Allir kennarar hafa viðtalstíma og verða þeir auglýstir síðar á töflu á nemendagangi

[Umsjónarkennarar og umsjónartímar](#)

Umsjónarkennarar:

Auður Jónasdóttir	Stofa 10
Björgvin R. Leifsson	Stofa 6
Dóra Ármannsdóttir	Stofa 5
Gunnar Árnason	Stofa 2
Ingibjörg Bragadóttir	Stofa 8
Ingólfur Freysson	Stofa 4
Sigríður Hauksdóttir	Stofa 7
Smári Sigurðsson	Stofa 3
Valdimar Stefánsson	Stofa 7

Umsjón

Einu föstu umsjónartímarnir eru í upphafi annar. Að öðru leyti eru umsjónarkennarar nemendum til aðstoðar með val og námsáætlun. Drög að valframboði fyrir næstu önn munu liggja fyrir 3. febrúar og geta nemendur sent áfangastjóra tölvupóst á brl@fsh.is með ábendingum um hvaða áfanga þarf að kenna á næstu önn. Þetta þýðir að vinna við námsáætlun og val fyrir næstu önn hefst snemma á önninni og eru áætlaðar fjórar vikur í þessa vinnu. Hægt er að búa til námsáætlun í skólakerfinu Innu 8 annir (4 ár) fram í tímann. Vali fyrir haustönn 2010 verður að ljúka í síðasta lagi 3. mars. Verði dráttur á því velur áfangastjóri eða umsjónarkennari fyrir nemandann og leggjast þá kr. 1.000,- ofan á skólagjald næstu annar. Ætlast er til að nemendur búi til námsáætlun og velji í Innu undir leiðsögn umsjónarkennara. Umsjónartími vegna aðstoðar við val fyrir þá sem það vilja verður 17. febrúar.

Athugið að skólanámsskrá er á heimasíðu skólans. Þar eru m.a. upplýsingar um alla áfanga og brautir skólans, námsmat, fjarvistakerfið o.fl.

Inna og Innuaðgangur

Aðgangur nemenda að skólakerfinu, Innu,

er tilbúinn. Slóðin er <http://nemendur.inna.is>. Notandanafn er búið til úr skólanúmeri nemenda, sem kemur fram á stundatöflunni og er FSHskólanúmer. Nýnemar og endurinnritaðir sækja leyniorð til ritara. Munið að breyta leyniorðinu þegar þið farið inn í fyrsta skipti. Þegar farið er inn í Innu kemur upp stundataflan. Upplýsingar um námsferil, einkunnir, fjarvistir o.fl. fáid þið með því að smella á nafnið ykkar fyrir ofan stundatöfluna. Hægt er að prenta út stundatöflu, námsferil o.fl. úr Innu. Sjá nánar um Innu á fsh.is. Athugið að til að komast inn á Innu þurfið þið aðgang að tölvukerfi skólans. Hann fáid þið einnig hjá ritara.

Eldri nemendur halda sínum lykilorðum.

Hægt er að pantu ný lykilorð í Innu.

Hér má finna upplýsingar um Innu

Um húsnæði skólans

Húsnæði skólans

Skrifstofa skólans er í kennaraálmum, þar eru ritari og fjármálastjóri. Í kennaraálmum eru einnig skrifstofur skólameistara og aðstoðarskólameistara, kennarastofa og vinnuherbergi kennara. Nemendur eru beðnir að virða viðtalstíma kennara. Notfærið ykkur pósthólf þeirra sem eru á ganginum framan við skrifstofu skólans. Þau er sérstaklega ætluð fyrir nemendur sem þurfa að koma skilaboðum til kennara eða skila verkefnum.

Skrifstofa áfangastjóra er framan við kennaraálmum og húsvörður er með aðstöðu í herbergi gegnt áfangastjóra. Bókasafn er á efri hæð skólans, fyrir ofan aðalinngang nemenda. Matstofa nemenda er í kjallara í aðalkennsluálmum.

Kennslustofurnar

Stofur 1, 2, 3, 4 og 5 eru á efri hæð í aðalkennsluálmum, 1, 2 og 3 nær anddyri. Stofur 6, 7, 8 og 9 (raungreinastofa) eru á jarðhæð í kennsluálmum, stofa 6 næst anddyri en stofa 9 fjærst. Stofa 6 verður lítið notuð fyrir kennslu í vetur og er ásamt bókasafni hentug þeim sem vilja ljúka heimanámi í skólanum. Stofur 11 (kvikmyndastofa) og 12 (myndmenntastofa) eru í kjallara kennaraálmum.

Stofa 10 er fyrir ofan nemendainngang, við hliðina á bókasafninu og verður eingöngu ætluð nemendum á starfsbraut í vetur.

Stofa ÍP er í íþróttahúsi

Stofa 1 er tölvustofa. Stofan er opin nemendum þegar engin kennsla fer þar fram. Þá hafa nemendur tækifæri á vinna þar verkefni sem tengjast skólanum. Forsenda þess að hægt sé að hafa stofuna opna er að allir nemendur gangi vel um og hlíti öllum þeim umgengnisreglum sem settar eru. Við stofuna er auglýsing um opnunartíma og umgengnisreglur.

Meginregla: Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.

Veitt er ákveðið svigrúm frá þessari meginreglu sem hér segir:

Heildarskólasókn nemenda má ekki vera undir 90%.

Skólasókn í hverjum einstökum áfanga má ekki vera undir 85%.

Leyfi frá skólasókn getur skólameistari og aðstoðarskólameistari gefið ef sérstakar ástæður liggja að baki. Öðrum er ekki heimilt að veita leyfi frá mætingu, hvorki til lengri eða skemmri tíma.

Viðverumerkingar í kennslustundum:

M = sjálfgefinn viðverukóði, nemandinn er í tímanum.

F = fjarvist úr 60 mínútna tíma. Gefur 1 fjarvistastig.

G = fjarvist úr 40 mínútna tíma. Gefur 0,67 fjarvistastig.

ATH.: Komi nemandi of seint í kennslustund, þ.e. eftir að kennari er búinn að lesa upp og kennsla er hafin, telst nemandinn fjarverandi þá kennslustund.

Frádráttarliðir fjarvista:

V = veikindi

L = leyfi

A = töfluárekstur

Það svigrúm sem nemendur hafa skv. skólasóknarreglum geta þeir nýtt t.d. ef þeir þurfa nauðsynlega að bregða sér frá.

Veikindi skal tilkynna á skrifstofu skólans að morgni sama dags.

Forráðamenn 16-17 ára nemenda skulu tilkynna veikindi barna sinna.

Trúnaðarmaður (sem skólinn samþykkir) 18-20 ára nemenda skal tilkynna veikindi þeirra. Skólanum er heimilt að krefjast læknisvottorða vegna langtíma veikinda. Langveikum nemendum er bent á að hafa samband við stjórnendur skólans í upphafi annar.

Nemendum skal gefin einkunn í prósentum fyrir skólasókn. Skólasókn er ekki metin til eininga.

Í Aðalnámskrá er sérákvæði um undanþágur frá skólasókn fyrir fatlaða nemendur og afreksfólk í íþróttum.

Viðurlög: Nái nemandi ekki tilskilinni skólasókn í einum áfanga (þ.e. 85%) er lítið svo á að hann hafi þar með sagt sig úr þeim áfanga. Fær hann þá skráða einkunnina H (hættur) fyrir áfangann í námsferil sinn. Fari nemandi niður fyrir leyfilegt lágmark í heildarskólasókn (þ.e. 90%) er lítið á það sem úrsögn úr skólanum. Nemendur sem hafa sagt sig úr einstökum áföngum eða skóla vegna fjarvista hafa ekki leyfi til þess að þreyta próf í lok annar.

Meðferð mála: Ef útreikningar á fjarvistum benda til þess að nemandi segi sig frá skóla með sama áframhaldi skal senda honum áminningarbréf eða foreldrum/forráðamönnum ef nemandi er yngri en 18 ára. Segi nemandi sig úr skóla og/eða áfanga vegna brota á skólasóknarreglum ber að tilkynna honum það skriflega. Nemandinn hefur tímabundinn andmælarétt. Að auki getur nemandi sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum til skólaráðs.

ATH.: Ætlast er til að nemendur fylgist sjálfir með fjarvistum sínum í Innu – engin fjarvistablöð verða afhent sérstaklega í umsjón!

Ef nemandi er ósáttur við fjölda skráðra fjarvista í áfanga skal hann strax hafa samband við viðkomandi kennara.

Nemendum er eindregið ráðlagt að halda sitt eigið fjarvistabókhalld!

P-nám og frjáls mæting

Þeir nemendur sem óska eftir frjálstri mætingu verða að sækja um það skriflega og gera grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknareyðublöðin fáið þið hjá umsjónarkennara eða hjá áfangastjóra. Umsóknum skal skilað til áfangastjóra í síðasta lagi föstudaginn 8. janúar. Ákvörðun um það hverjir fá frjálsa mætingu verður kunngerð mánudaginn 11. janúar.

Hverjir geta sótt um frjálsa mætingu?

1. Þeir nemendur sem náð hafa 21 árs aldri og/eða búa við þær aðstæður að þeir telji sig ekki geta mætt í alla tíma, án þess þó að það komi niður á náminu.

2. Nemendur sem eru 18-20 ára og skrá sig í að hámarki 10 einingar á viðkomandi önn.

Hvað fylgir því að fá frjálsa mætingu?

Nemendur með frjálsa mætingu bera sjálfir ábyrgð á eigin námi og þurfa að kynna sér gaumgæfilega hvaða skyldur fylgja því.

Að svo stöddu er ekki hægt að sækja um P-nám í FSH.

Nemendum er bent á að kynna sér upplýsingar um P-nám og frjálsa mætingu í [Skólanámsskrá](#)

Kennsla í dag

Í dag kl. 10-12 verða 15 mínútna kennslustundir sem hér segir:

10:00-10:15 A-stokkur: EDL203, ENS202, NÁT113, SAG403

10:15-10:30 B-stokkur: ENS503, ÍSL203, LÍF103, LOH293, SAG203

10:30-10:45 C-stokkur: ENS203, ÍSL403, JAR203, SÁL403

10:45-11:00 D-stokkur: ENS403, ÍSL202, STÆ203, STÆ413, ÞJÓ103

11:00-11:15 E-stokkur: DAN203-1, EFN203, FRU293, NÁT123, STÆ202

11:15-11:30 F-stokkur: SAG313, SÁL203

11:30-11:45 G-stokkur: FÉL403, ÍSL303, LKN103, STÆ603

11:45-12:00 H-stokkur: DAN203-2, FÉL203, STÆ102, STÆ403, UPP203

Nemendur mæti í sínar greinar skv. stofutöflu stundatöflunnar. Kennarar munu afhenda kennsluáætlanir og setja fyrir.

Örtímar falla niður í NÁT103, STÆ122, ÞÝS203 og ÞÝS403

Athugið að það eru tvíhópar í nokkrum áföngum. Hópanúmerið kemur fram á stundatöflunni á eftir áfangaheiti.

Töflubreytingar

Skoðið stundatöflurnar ykkar vel. Ef þið hafið ekki fengið inn alla þá áfanga sem þið völduð geta ástæðurnar verið margvíslegar, t.d. að áfanginn er ekki kenndur, ekki er pláss í hóp, árekstar eru milli áfanga o.s.frv. Enn er hægt að bæta inn áföngum og taka út áfanga. Athugið að þessar töflubreytingar er eingöngu hægt að gera hjá áfangastjóra.

Viðtalstímar áfangastjóra vegna töflubreytinga:

Miðvikudagur 6. janúar kl. 13:00 – 16:00

Fimmtudagur 7. janúar kl. 8:00 – 12:00 og 13:00 – 16:30

Kennsla fellur niður hjá áfangastjóra fimmtudaginn 7. janúar vegna töflubreytinga.

Föstudag 8. janúar til þriðjudags 12. janúar á viðtalstímum eða eftir samkomulagi.

Komið vel undirbúin í töflubreytingar. Notið stofntöfluna hér fyrir neðan til að finna hvenær áfangar eru kenndir.

Kl	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Nr. tíma
8:00-9:00	A	D	C	B	F	1
9:05-10:05	E	B	A	G	D	2
10:20-11:20	G	E	B	E	H	3
11:25-12:25	B	F	G	H	E	4
13:00-14:00	C	H	F	D	C	5
14:10-15:10	D	A	H	C	I	6
15:20-16:20	F	G	J	A	J	7
16:30-17:30	I	I	J	I	J	8

A-stokkur: EDL203, ENS202, NÁT113, SAG403, ÞÝS203-1

B-stokkur: ENS503, ÍSL203, LÍF103, LOH293, SAG203, ÞÝS203-2

C-stokkur: ENS203, ÍSL403, JAR203, SÁL403

D-stokkur: ENS403, ÍSL202, STÆ203, STÆ413, ÞJÓ103

E-stokkur: DAN203-1, EFN203, FRU293, NÁT123, STÆ202, ÞÝS403

F-stokkur: NÁT103, SAG313, SÁL203

G-stokkur: FÉL403, ÍSL303, LKN103, STÆ603

H-stokkur: DAN203-2, FÉL203, STÆ102, STÆ122, STÆ403, UPP203

Áfangar utan eða milli stokka: ÍÞRXY1, FÉL103, LEN103

ATH.:

Eftirtaldir áfangar/hópar eru fullir eða að fyllast: NÁT103

Nóg af lausum plássum í eftirtöldum áföngum: ENS202, FRU293 (ath. að þeir sem hafa tekið ATF193 geta skráð sig í þennan áfanga), SAG403, STÆ102, STÆ203, STÆ603, UPP203

Öllum töflubreytingum verður að vera lokið miðvikudaginn 13. janúar. Þeir sem skrá sig úr áfanga eftir 13. janúar fá einkunnina H í feril og teljast hafa reynt einu sinni við áfangann, þ.e. missa einn próftökurétt af þremur í áfanganum.

Ertu töflulaus?

Ef þú ert töflulaus gæti skýringin verið sú að þú ert ekki búinn að greiða innritunargjaldið! Taflan þín er þá hjá ritara (fyrir nýnema og endurinnritaða) eða í Innu (hjá öðrum nemendum) og þú færð hana um leið og þú gerir upp skuldina. ATH að Innuaðgangur er lokaður þar til innritunargjaldið er greitt!

Annar möguleiki er að þú hafir “gleymt” að skila inn vali á síðustu önn. Ef svo er þarft þú nauðsynlega að tala við áfangastjóra á töflubreytingatíma.

Þriðji möguleikinn er að Inna sé að stríða okkur. Hafðu samband við áfangastjóra á töflubreytingatíma.

Árekstrar

Árekstur kallast það þegar tveir áfangar eru skráðir í sama tímann. Ef tveir áfangar eru skráðir á sama tíma í stundatöflu gildir taflan sem árekstraheimild. Nemendur skulu hafa samband við báða viðkomandi kennara og ákveða kennararnir hvernig nemandinn mætir í þessa tíma.

Ípróttir

Ípróttatímar eru í Ípróttahöll nema útivera og sund. Tímar í Ípróttasal eru þriðjudaga og föstudaga en í þreksal mánudaga og fimmtudaga.

Nemendur, sem búnir eru með ÍPR201, fá ákveðið valfrelsi í ípróttum, þ.e. þeir geta valið um eftirfarandi samsetningar:

Ípróttasalur + þreksalur (x01)
Ípróttasalur + Ípróttasalur (x11)
Þreksalur + þreksalur (x21)
Ípróttasalur + útivera (x31)
Þreksalur + útivera (x41)
Útivera + útivera (x51)
Ípróttasalur + sund (x61)
Þreksalur + sund (x71)
Útivera + sund (x81)

Útivera verður á miðvikudögum kl. 15:20 og á föstudögum kl. 14:10. Mæting er við ípróttahöllina. Nemendur eiga mæta með útivistarfatnað og góða skó.

Sund er utan töflutíma þegar nemendum hentar.

Kennari mun útskýra þetta nánar í fyrsta ípróttatíma.

Ípróttatímar fyrir afreksfólk í ípróttum verða á mánudögum kl. 8:00 og miðvikudögum kl. 9:05. Þetta eru tímar í A-stokki og í sumum tilfellum getur myndast árekstur milli ípróttta og annarra tíma. Ef svo er skulu þessir

nemendur mæta í íþróttatímana.

Þeir sem ekki hafa fengið íþróttir í töflu snúi sér til áfangastjóra.

Þeir sem eru með íþróttarárekstur mæti í þreksal á fimmtudögum kl. 16:30 og í íþróttasal á þriðjudögum kl. 16:30 (sjá þó hér að ofan).

Ýmsar upplýsingar

Bókamarkaður

Nýjar bækur fást í Bókaverslun Þórarins Stefánssonar en skiptibókamarkaður verður í stofu 6 í dag 6. janúar kl. 13-16. Eingöngu er hægt að fá skipt bókum, sem eru kenndar á önninni. Mikilvægt er að nemendur nýti sér þennan opnunartíma. Bókalista má finna [hér](#).

Meðferð matvæla

Öll neysla matar og drykkjar er bönnuð í kennslustofum skólans.

Útskriftarnemar!

Þeir sem hyggja á námslok í vor hafi samband við áfangastjóra sem allra fyrst, hafi þeir ekki gert það á haustönn.

Kennsluferfið Moodle

Slóðin er kennsluvefur.is, enn fremur er hlekkur á Moodle á fsh.is. Notendanafn og lykilorð er það sama og á Innu. Hafið samband við ritara ef þið komist ekki inn. Kennarar tilkynna nemendum um gögn, sem þeir setja inn á Moodle.

Netaðgangur nemenda

Nýnemar fá netföng á skrifstofu skólans.

Verði nemendur uppvísir að misnotkun á tölvukerfi skólans verður aðgangurinn tekinn af þeim.

Opnunartímar stofu 1 eru þegar hún er ekki í notkun skv. töflu (sjá auglýsingu við stofudyrnar). Kennarar með hópa hafa þó forgang á opnunartímum fram yfir aðra.

Eldri nemendur halda sínum netföngum. Komist einhver ekki inn skal hafa samband við kerfisstjóra.

Ath. að til að nota Innuaðgang verða nemendur að hafa netaðgang!

Notendanöfn og lykilorð nemenda

Notendanafn þitt er búið til samkvæmt eftirfarandi reglu:

Fornafn nemanda ásamt fyrsta staf í föðurnafni skrifað án allra séríslenskra stafa.

þ = th, æ = ae, á = a, ð = d, ö = o, osfv.

Fornafn Millinafn Föðurnafn. Notendanafn er því: fornafnf

Dæmi: Jón Jónsson: Notendanafn yrði því: jonj

Lykilorð allra nýnema er: 12345

Þú þarft að breyta lykilorði þínu þegar þú tengist í fyrsta skipti. Vertu viss um

að velja öruggt lykilorð sem þú gleymir ekki. Óöruggt lykilorð er til dæmis: Hluti úr nafni þínu, fæðingardag, kennitölu, fæðingardegi nærstaddra og annað sem augljóslega er hægt að tengja við þig. Ef þú gleymir lykilorði þínu hafðu samband við kerfisstjóra.

Netfang þitt verður: notendanafn@fsh.is, dæmi: jonj@fsh.is. Þetta er netfangið sem notað er í Innu og því má ekki breyta!

Heimasvæði þitt er undir “H:” drifi og kvóti verður 50Mb. Vistið gögn ykkar í möppuna “My Documents” eða beint inn á H: drif.

Athugið!

Þegar þú yfirgefur tölvu skalt þú ávallt aftengjast með því að ýta á “Start” hnapp og velja “Log off notandi”.

Tölvustofan er oft mjög umsetin og ekki er leyfilegt að “skreppa” í burtu frá tölvu nema í mjög stuttan tíma. Ef þú kemur að tölvu þar sem enginn situr en einhver er augljóslega tengdur skalt þú gefa viðkomandi nægan tíma til að koma til baka frá salerni (c.a. 2-3 mínútur), vista síðan það sem unnið er með, aftengja viðkomandi og nota tölvuna!

Að lokum

Vonandi verður samstarfið ánægjulegt í vetur – gangi ykkur vel !

Björgvin R. Leifsson, áfangastjóri, brl@fsh.is

2. tbl. 20. árgangur þriðjudaginn 2. febrúar 2010. Ritstj. og ábm. [Björgvin R. Leifsson](#)

Efni:

1. Fyrsta fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 98% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Óvenjumargir eru undir viðmiði núna og er það áhyggjuefni þar sem það getur leitt til úrsagna og lægri einkunna. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að senda fjarvistayfirlit beint úr Innu til allra nemenda (og forráðamanna yngri en 18 ára) burtséð frá því hvort þeir eru með frjálsa mætingu eða ekki.

[Mætingarreglur FSH](#)

2. Val fyrir haustönn 2010 hefst í dag og lýkur 7. mars nk. Hægt er að skila athugasemdum við [valframboð](#) til áfangastjóra fram til 9. febrúar.

Umsjónartími vegna valsins verður miðvikudaginn 17. febrúar en þá munu umsjónarkennarar leiðbeina þeim sem þurfa aðstoð. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna [hér](#).

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2010. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu 8 annir fram í tímann.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

Nemendur, sem hyggja á námslok á næsta skólaári ættu að hafa samband við áfangastjóra.

[Upplýsingar um námsbrautir skólans](#)

[Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta](#)

[Undanfarareglur áfanga](#).

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem færri velja áfanga minnka líkurnar á að hann verði kenndur.

3. Brautaskipti: Nemendur, sem vilja skipta um braut, t.d. af Almennri braut III yfir á stúdentsbraut, þurfa að hafa samband við áfangastjóra sem allra fyrst.

3. tbl. 20. árgangur miðvikudaginn 24. febrúar 2010. Ritstj. og ábm. [Björgvin R. Leifsson](#)

Efni:

1. Önnur fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 96% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Óvenjumargir eru undir viðmiði núna og er það áhyggjuefni þar sem það getur leitt til úrsagna og lægri einkunna. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að senda fjarvistayfirlit beint úr Innu til allra nemenda (og forráðamanna yngri en 18 ára) burtséð frá því hvort þeir eru með frjálsa mætingu eða ekki.

[Mætingarreglur FSH](#)

2. Vali fyrir haustönn 2010 lýkur 7. mars nk. Leiðbeiningar um val í Innu er að finna [hér](#).

Ath. að þeir sem ekki skila vali í Innu verða ekki með í stundatöflugerð fyrir haustönn 2010. Þannig gildir valið sem umsókn um skólavist.

Hægt er að gera námsáætlun í Innu 8 annir fram í tímann.

Umsjónarkennarar geta kallað á einstaka nemendur eða hóp nemenda í viðtalstíma vegna vals, þ.m.t. á fundartíma kl. 15:20 á miðvikudögum.

Nemendur, sem hyggja á námslok á næsta skólaári ættu að hafa samband við áfangastjóra.

[Upplýsingar um námsbrautir skólans](#)

[Kjörsviðsreglur stúdentsbrauta](#)

[Undanfarareglur áfanga](#).

Athugið vel að það að áfangi sé í boði þýðir ekki endilega að hann verði kenndur. Eftir því sem færri velja áfanga minnka líkurnar á að hann verði kenndur.

3. [Drög að próftöflu vorannar 2010](#). Frestur til að skila athugasemdum til áfangastjóra er til 9. apríl.

4. tbl. 20. árgangur fimmtudaginn 18. mars 2010. Ritstj. og ábm.
Björgvin R. Leifsson

Efni:

1. Þriðja fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 94% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Óvenjumargir eru undir viðmiði núna og er það áhyggjuefni þar sem það getur leitt til úrsagna og lægri einkunna. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að senda fjarvistayfirlit beint úr Innu til allra nemenda (og forráðamanna yngri en 18 ára) burtséð frá því hvort þeir eru með frjálsa mætingu eða ekki.

Enn fremur sýnir Inna nú bæði mætingu miðað við alla tíma annarinnar að frádregnum vottorðum, veikindum o.þ.h. og raunmætingu, þ.e. raunverulega mætingu nemandans þar sem ekkert tillit er tekið til frádráttarliða. Þessi tala er miðuð við kennda tíma, þ.e. þá tíma, sem liðnir eru af önninni. Athugið að viðmiðið, 94%, er hlutfall mætingar af önninni að teknu tilliti til frádráttarliða.

[Mætingarreglur FSH](#)

2. Drög að próftöflu vorannar 2010. Frestur til að skila athugasemdum til áfangastjóra er til 9. apríl.

[Prófreglur FSH](#)

3. ERTU AÐ GLÍMA VIÐ LESBLINDU EÐA PRÓFKVÍÐA?

Hægt er að koma til móts við ýmsar séróskir og þarfir nemenda við fyrirlögn prófa, sbr. [sértæk námsúrræði FSH](#). Til þess að unnt sé að koma þessu í kring er brýnt að nemendur hafi samband við áfangastjóra með góðum fyrirvara fyrir próf, eða í síðasta lagi 21. apríl.

4. Umsókn um einingar fyrir félagsstörf. Hægt er að sækja um einingar fyrir félagsstörf skv. [reglum um námsmat](#). Sótt er um í tölvupósti til [áfangastjóra](#). Umsóknarfrestur er til 30. apríl.

5. tbl. 20. árgangur þriðjudaginn 13. apríl 2010. Ritstj. og ábm. [Björgvin R. Leifsson](#)

Efni:

1. Fjórða fjarvistatalning annarinnar. Viðmið er 92% mæting. Þeir sem eru undir viðmiðinu fá sent bréf frá skólanum eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri. Mun færri eru undir viðmiði núna en síðast og ber að hrósa fyrir það.

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að senda fjarvistayfirlit beint úr Innu til allra nemenda (og forráðamanna yngri en 18 ára) burtséð frá því hvort þeir eru með frjálsa mætingu eða ekki.

Enn fremur sýnir Inna nú bæði mætingu miðað við alla tíma annarinnar að frádregnum vottorðum, veikindum o.þ.h. og raunmætingu, þ.e. raunverulega mætingu nemandans þar sem ekkert tillit er tekið til frádráttarliða. Þessi tala er miðuð við kennda tíma, þ.e. þá tíma, sem liðnir eru af önninni. Athugið að viðmiðið, 92%, er hlutfall mætingar af önninni að teknu tilliti til frádráttarliða. Þau mistök urðu að fyrstu 2 yfirlitin, sem voru send úr Innu 13.4. sl. áttu ekki að fara út. Síðustu 2 yfirlitin sýndu mætingu miðað við önn annars vegar að frádregnum veikindum o.þ.h. og raunmætingu hins vegar. Beðist er velvirðingar á þessu.

[Mætingarreglur FSH](#)

2. [Próftafla vorannar 2010](#) og [Prófreglur FSH](#)

3. ERTU AÐ GLÍMA VIÐ LESBLINDU EÐA PRÓFKVÍÐA?

Hægt er að koma til móts við ýmsar séróskir og þarfir nemenda við fyrirlögn prófa, sbr. [sértæk námsúrræði FSH](#). Til þess að unnt sé að koma þessu í kring er brýnt að nemendur hafi samband við áfangastjóra með góðum fyrirvara fyrir próf, eða í síðasta lagi 21. apríl.

4. Umsókn um einingar fyrir félagsstörf. Hægt er að sækja um einingar fyrir félagsstörf skv. [reglum um námsmat](#). Sótt er um í tölvupósti til [áfangastjóra](#). Umsóknarfrestur er til 30. apríl.

5. Skólaslit og brautskráning verður föstudaginn 21. maí kl. 14:00

